

Miðvikudaginn 17. október 1990.

Nr. 369/1990. **Sigurður Tómasson**

gegn

Jóni Erlendssyni.

Kærumál. Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason.

Á bæjarþingi Kópavogs er nú rekið bæjarþingsmálið nr. 103/1989: Sigurður Tómasson gegn Jóni Erlendssyni. Hinn 25. september 1990 kvað Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari upp úrskurð í málinu. Úrskurðurinn, sem er án forsendna, hljóðar svo:

„Ú r s k u r ð a r o r ð:

Frestbeiðni stefnda er tekin til greina.“

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í j-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 4. október 1990. Hann gerir þær dómkröfur, „að ekki verði fallist á frestbeiðni stefnda“. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Héraðsdómari hefur með vísan til 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 23. gr. laga nr. 54/1988, sent Hæstarétti svofelldar forsendur og rökstuddar ástæður sínar fyrir úrlausninni:

„Í gögnum málsins kemur fram að stefndi kærði nafnfölsun á víxli þeim sem stefnandi byggir kröfur sínar á í máli þessu til rannsóknarlögreglu ríkisins þann 30. nóvember 1988. Í lögregluskýrslu kemur fram að hann hafi fengið innheimtubréf frá Jóni Egilssyni lögfræðingi sama dag og er hann þar krafinn um greiðslu samkvæmt víxlinum en gjalddagi hans var næsta dag. Málið sætti rannsókn hjá rannsóknarlögreglu ríkisins en í bréfi hennar til stefnda dags. 9. desember 1988 er honum tilkynnt að ekki hafi tekist að sanna sök í málinu og er í því sambandi vísað til samprófunar stefnda og útgefanda víxilsins. Að svo stöddu verði ekki um frekari rannsókn lögreglunnar að ræða en stefnda bent á að honum væri

frjálst að koma að frekari upplýsingum sem máli kunni að skipta.

Mál þetta var þingfest á bæjarþingi Kópavogs þann 9. febrúar 1989 með áskorunarstefnu útg. 23. janúar s.á. Af hálfu varnaraðila komu fram varnir og var málinu vikið til venjulegrar meðferðar en greinargerð hans var lögð fram þann 16. mars. s.á. Greinargerð var lögð fram af hálfu stefnanda þann 30. júní s.á. Dómarinn fékk málið til meðferðar þann 3. október 1989.

Af hálfu stefnda kom fram krafa um að málinu yrði vísað frá dómi en kröfunni var hrundið með úrskurði uppkveðnum á bæjarþinginu þann 13. mars 1990.

Þann 15. júní var ákveðinn lokafrestur til gagnaöflunar til 4. september 1990 og að aðalmeðferð færi fram 14. september 1990. Með samkomulagi beggja aðila var málinu enn frestað til 25. september s.á. til aðalmeðferðar. Í þinghaldinu þann dag fór stefndi fram á að dómarinn leitaði til rannsóknarlögreglu ríkisins varðandi sérfræðilega rannsókn á rithönd samþykkjanda vixilsins og vísaði hann í því sambandi til 2. mgr. 117. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936. Af hálfu stefnanda var því mótmælt að veittur yrði frestur til frekari gagnaöflunar. Þess var krafist að málflutningur færi þá þegar fram. Vísaði stefnandi til þess að stefndi hefði þegar fengið rúma fresti í máli þessu.

Niðurstaða í máli þessu hlýtur m.a. að velta á því hvort nafnritun stefnda á víxlinum er fölsuð. Ekki liggur fyrir í gögnum málsins að sérfræðileg athugun hafi farið fram á umræddri nafnritun eða hvers vegna slík rannsókn fór ekki fram. Fram hefur komið af hálfu stefnda að rannsóknarlögregla ríkisins hafi nú betri aðstæður en áður til að framkvæma sjálf skriftarathugun. Dómarinn hafði ekki ráðrúm til að ganga úr skugga um það í þinghaldinu hvort frekari rannsókn geti farið fram hjá rannsóknarlögreglu ríkisins varðandi meinta nafnfölsun. Þar sem mikilvægt hlýtur að teljast fyrir niðurstöðu málsins að fullnægjandi rannsókn fari fram á því hvort umrædd nafnritun er fölsuð þykir rétt að fresta málinu að sinni til þess að unnt verði að ganga úr skugga um hvort bæta megi úr því sem kann að hafa verið áfátt við rannsókn málsins varðandi meinta nafnfölsun.“

Á dómþingi bæjarþings Kópavogs 25. september sl. bað lög-

maður varnaraðila um nýja rannsókn á því, hvort víxill sá, sem málið snýst um, geti verið falsaður. Ákvað héraðsdómari að fresta málinu, þó að meðferð þess hefði þá þegar tekið langan tíma. Þegar litið er til 2. mgr. 117. gr. og 155. gr. laga nr. 85/1936, verður ekki talið rétt að hnekkja niðurstöðu dómarans, en þó er rétt, að frestur sé tímabundinn og standi til 15. nóvember 1990.

Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Bæjarþingsmálinu nr. 103/1989 í Kópavogi er frestað til gagnaöflunar til 15. nóvember 1990.
